

Stjórnarfundur FHB

haldinn í Bændahöllinni mánudaginn 28. feb. 2011 kl. 13

Mættir voru allir stjórnarmenn, Kristinn Guðnason, formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Eyþór Einarsson gjaldkeri, Ólafur Einarsson meðstjórnandi og Magnús Jósefsson ritari, auk Huldu G. Geirsdóttur framkvæmdastjóra sem ritar fundargerð.

Kristinn setti fund og gengið var til dagskrár.

Söguritun félagsins. Arna Björg Bjarnadóttir frá Sögusetrinu heimsótti skrifstofu FHB ásamt sagnfræðingi fyrir skemmstu og þau skoðuðu ýmis gögn sem framkvæmdastjóri hafði safnað saman. Töldu gögnin góð til heimildavinnu. Eyþór nefndi hvort ekki ætti að reyna að útvíkka verkefnið og rita sögu útflutnings hrossa í leiðinni. Fundarmenn jákvæðir fyrir verkefninu og stefnt að því að kynna það á formannafundi í apríl.

Kristinn fjallaði því næst um **afurðamál og blóðsöfnun**. Kom m.a. fram að Mæðrastyrksnefnd hafi fengið folaldakjöt að gjöf fyrir jólin þar sem FHB tók þátt í að styrkja framlagið.

Kristinn sagði sóknarfæri í blóðsöfnun og þar vanti fleiri þátttakendur. Þarf að kynna fyrir betur fyrir hrossabændum og mun hann gera það í fundarferðinni. Verið að hækka verð fyrir blóð og þarna er gott tækifæri til auka tekjumyndunar á hrossabúum þar sem eru stór merarstöð og aðstæður henta, þ.e. næg hagabeit og gott aðgengi er til smölunar.

Næg eftirspurn er eftir hrossum til slátrunar og hefur verðið mjakast upp á við. Það sama á við um folaldakjötið.

Merkingamál ganga vel. Hryssur þurfa að vera skráðar og þá má lóga undan þeim, en eigi að slátra þeim sjálfum þurfa þær að vera merktar.

Imprinted by Origin. Hulda rakti stöðu þess verkefnis en vefurinn er nánast tilbúinn og verður kynntur formlega innan fárra daga. Kemur vel út og viðbrögð þeirra sem skoða hafa öll jákvæð. Lykilatriðið er að virkja hestamenn sjálfa til að dreifa tenglum og nýta samskiptasíður.

Kristinn sagði frá síðasta **fundi fagraðs** í hrossarækt. Vægisbreytingar og þröskuldar farin í gegnum FEIF fund, vellir verða vel afmarkaðir og haldist hross ekki innan þeirra verður það túlkað sem ofríki. Reynt að samræma dómhúsin meira og fjarlægð þeirra frá braut, ca. 35m frá braut. Nánari útlistanir á ákvörðunum fagraðs er að finna í fundargerðum fagraðs á www.bondi.is Fulltrúar verða áfram þeir sömu frá FHB, þ.e. Bjarni Þorkelsson, Gísli Gíslason og Kristinn Guðnason. Að auki Sigrún Ólafsdóttir skipuð af FT og Ísleifur Jónasson skipaður af LH.

Rætt um landsmót, fundarmenn voru á því að fara þyrfti í kynningu á LM 2011 af mun meiri krafti. Lítið verið talað um mótið og bæta þarf í. Rætt um að senda einhverja áskorun eða hvatningu til LM vegna þessa.

Fundarferð formanns – farið yfir helstu mál sem þar verða kynnt. Fundarferðin hefst á morgun og með Kristni í för verða þeir Haraldur Þórarinnsson og Guðlaugur Antonsson.

Formannafundur – ákveðið að dagsetja hann fimmtudaginn 14. apríl nk.

Kynning á verkefni Bjarkar Jakobsdóttur, en erindi frá henni lá fyrir fundinum. Athyglisvert verkefni og áhugaverð heimildarmynd um ferlið sem útflutningur á hesti er og hvað tekur við. Fundarmönnum leist vel á hugmyndina og samþykkt var að fylgjast með þróun verkefnisins og styðja við það ef hægt er.

Kristinn ræddi um **þróunarfjársjóðinn** og fund framundan. Lítið fé til úthlutunar en að venju margar umsóknir.

Hestatorg – rætt um framhaldið. Stefnt að því að vera með í einhverri mynd á HM og jafnvel LM. Huldu falið að vinna áfram að málinu.

Önnur mál

Tímasetning landsmóta. Verið að velta dagsetningu á 2012 móti fyrir sér. Ljúka í byrjun júlí eða vera fyrstu viku í júlí? Stjórnarmönnum leist betur á fyrri vikuna, betra upp á að fá stóðhesta í hólf osfrv.

Lyfjamál rædd stuttlega. FHB mun halda áfram að reyna að berjast fyrir því að einokun verði aflétt á sölu ormalyfja og að ódýrari valkostir verði einnig í boði.

Fræðaping landbúnaðarins kynnt – dagskrá 10. mars tengd hrossarækt.

Eypór ræddi **búnaðarþingsmál** og mikilvægi smitvarna. Fundarmenn tóku undir það og mun málinu fylgt eftir á þinginu. Einnig rætt um mikilvægi búnaðargjalds.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

HGG/hgg